

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sandgerði, 4. maí 2018

**Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál.**

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 20. mars sl. þar sem náttúrustofum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til frumvarps til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Samtök náttúrustofa fagna frumvarpi um skipulag haf- og strandsvæða en vilja koma á framfæri:

- Áhyggjum varðandi heimildir til ostruræktar við Ísland. Samtökin telja lög nr. 21/1939 vera tímaskekkju sem núverandi vitneskja vísindasamfélagsins á áhrifum framandi lífvera eins og ostrutegundanna *Crassostrea gigas* og *Ostrea edulis* staðfesta víða um heim. Innflutningur og ræktun framandi sjávarlífvera er áhættusöm og óafturkræf framkvæmd, sér í lagi fyrir þjóð sem í svo ríku mæli byggir afkomu sína á sjávarafurðum. Vísun í lög um ostrurækt ættu því ekki að rata inn í framtíðarlöggjöf er varðar skipulag á haf- og strandsvæðum.
- Áhyggjum er varða nýtingu á sjávargróðri á grunnsævi. Sjávargróður myndar mikilvæg uppeldis- og búsvæði fyrir fjölmargar tegundir. Í ljósi aukins áhuga og fyrirhugaðrar aukinnar nýtingar er mikilvægt að lagaumhverfi verði gert skýrt hvað varðar sjálfbæra nýtingu sjávargróðurs.
- Æskilegt hefði verið að senda málið sem hér um ræðir til umsagnar Breiðafjarðarnefndar, sem starfar eftir lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa

Sindri Gíslason

Sindri Gíslason, formaður SNS